



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 249. fundur

Föstudaginn 12. ágúst 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Einar Birkir Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Sverrir Óskarsson, Gunnar Valur Gíslason og Bjarni Torfi Álfþórsson (vm).

Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör Strætó bs. 30.06.2016.
2. Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2017.
3. Framtíðarsýn varðandi aðlögun leiðakerfis að Borgarlínu.
4. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála í forgangs röðun á bíla akstursþjónustu.
5. Kosning formanns og varaformanns stjórnar.
6. Önnur mál.
  - a. Hesthálts og húsnæði Strætó. Erindi, dags. 04.08.2016, frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar.

#### Tekið fyrir:

### 1. Árshlutauppgjör Strætó bs. 30.06.2016

Fjármálastjóri lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30.06.2016. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Uppgjórið fyrir fyrstu sex mánuði ársins kemur betur út en áætlun gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun 2016 með viðauka, sem samþykktur var á stjórnarfundi 27. maí sl., standist og að áætluð rekstrarhagræðing að fjárhæð 252 m.kr. gangi eftir.

Einnig var farið yfir framkvæmd starfsáætlunar 2016.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó staðfestu uppgjórið með undirritun sinni á fundinum.

### 2. Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2017

Fyrir fundinum lá tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2017. Þar kemur m.a. fram að við endanlega gerð fjárhags- og starfsáætlunar 2017 til 2021 muni stjórn Strætó leggja fram greinargerð/ framtíðarsýn varðandi aðlögun núverandi leiðakerfis að hugmyndafræði Borgarlínu í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040. Sú aðlögun mun að mati stjórnar hafa áhrif á fjárhagsáætlun ársins 2017.

Stjórn samþykkir að framlögð tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar 2017 verði lögð fyrir eigendafund fyrirtækisins í samræmi við grein 5.2.5 í eigendastefnu Strætó.

### 3. Framtíðarsýn varðandi aðlögun leiðakerfis að Borgarlínu

Fyrir fundinum lágu drög að greinargerð varðandi áætlaðar leiðakerfisbreytingar og framtíðarsýn vegna aðlögunar leiðakerfis Strætó að Borgarlínu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun, sbr. ályktun stjórnar frá 8. júlí 2016.

Vísað til áframhaldandi umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

### 4. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála í forgangs röðun á bíla akstursþjónustu

Áframhaldandi umfjöllun stjórnar um úrskurð kærunefndar útboðsmála frá 21. júní 2016 í kærumáli All Iceland Tours gegn Strætó um framkvæmd B-hluta samningskaupa um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna samkvæmt rammisamningi sem gerður var í september 2014.

Fyrir fundinum lá tillaga að tilkynningu til rammisamningshafa um endurskoðun á verklagi Strætó við innkaup þjónustu skv. rammisamningi um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna í kjölfar framangreinds úrskurðar kæruneftndar útboðsmála.

Stjórn samþykkir fram lagða tillögu að tilkynningu og felur framkvæmdastjóra að senda rammisamningshöfum tilkynninguna með formlegum hætti.

Jafnframt lá fyrir fundinum bréf frá Reykjavík Lawyers, dags. 26.07.2016. Stjórn felur framkvæmdastjóra í samráði við lögmann Strætó svara bréfinu í samræmi við framlagða tilkynningu til rammisamningshafa.

## 5. Kosning formanns og varaformanns stjórnar

Í samræmi við gr. 2.1 í starfsreglum stjórnar er stjórnarformaður Strætó kosinn til tveggja ára í senn. Bryndís Haraldsdóttir, fulltrúi Mosfellsbæjar í stjórn, hefur verið stjórnarformaður Strætó frá júní 2014.

Stjórn samþykkir að Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Reykjavíkur í stjórn, taki við stjórnarformennsku Strætó til loka kjörtímabils 2014-2018 og að Gunnar Valur Gíslason verði varaformaður stjórnar á sama tíma.

Stjórnarmenn og stjórnendur Strætó þakka Bryndísi fyrir afar vel unnin störf sem stjórnarformaður fyrirtækisins undanfarin tvö ár.

## 6. Önnur mál

- a. Hesthál 14 og húsnæði Strætó. Erindi, dags. 04.08.2016, frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar. Lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:15

### Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör Strætó bs. 30.06.2016.
- Kynning á árshlutauppgjöri 30.06.2016.
- Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2017.
- Erindi frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, dagsett 04.08 2016.
- Bréf frá Reykjavík Lawyers, dagsett 26.07 2016.

\_\_\_\_\_  
Bryndís Haraldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Heiða Björg Hilmisdóttir

\_\_\_\_\_  
Sverrir Óskarsson

\_\_\_\_\_  
Einar Birkir Einarsson

\_\_\_\_\_  
Bjarni Torfi Álfþórson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Valur Gíslason